

# Vinstri græn í Árborg

2. tbl. 4. árgangur maí 2006



2. sæti  
Hilmar Björgvinsson

3. sæti  
Sigrún Þorsteinsdóttir

1. sæti  
Jón Hjartarson

4. sæti  
Alma Lísa Jóhannsdóttir

## Leiðandi sveitarfélag er gott samfélag

Í sveitarfélaginu okkar er stór hópur fólks sem af ýmsum ástæðum hefur ekki fengið formlega menntun og staða þess á vinnuarkaði er því í samræmi við það.

### Mannréttindaátak

Kjarni málsins er sá að þetta fólk býr við lökustu kjörin, ótryggt atvinnuöryggi, missir fyrst vinnuna þegar harðnar á dalnum, er ekki tekið með í umræðuna um þróun samfélagsins o.s.frv. Sú þekking og reynsla sem fókið hefur aflað sér í gegnum lífið er einskis metin og möguleikarnir til að breyta stöðunni vægast sagt erfiðir.

Í stefnuskrá VG er gert ráð fyrir 20 milljón króna framlagi sveitarfélagsins til símenntunar fyrir þetta fólk. VG líta svo á að það séu sjálfsögð mannréttindi að eiga kost á ókeypis grunnenntun sem getur hjálpað fólki til að styrkja stöðu sína.

### Háskólasetur á Selfoss

Annað forgangsráðið er stofnun háskólaseturs á Selfossi í samvinnu við háskólana

á Íslandi, vísinda- og rannsóknarstofnanir á Suðurlandi og með eðlilegri þátttöku ríkisins eins og gert er á Austfjörðum og Vestfjörðum. Háskólasetrin á Egilsstöðum og Ísafirði fá hvort um sig 40 milljónir á ári til reksturs sinna háskólasetra meðan við fáum ekki neitt. Menntamálaráðherra segir að Sunnlendingar geti bara farið til Reykjavíkur!

Það er forgangsráðið, að meðan ríkisvaldið verði barið til hlýðni, ábyrgist Árborg framhald háskólanámsins svo nemendur þurfi ekki að velkjast í vafa um hvort þeirra námsfravinda sé tryggð á heimaslóð. Annað er óviðunandi. Núverandi meirihluta er fullkunnugt um hvernig staðan er en hefur haldið að sér höndum og ekkert aðhafst.

### Brú á Ölfusá sunnan Selfoss

Það er óbættanlegt skemmdarverk verði áætlun um veg yfir Hellismýrina að veruleika.

Hellismýrin er útivistarsvæði íbúa Árborgar. Hún er paradís fugla, gróðurs, náttúru og menningarminja, öllum aðgengileg í góðu göngufæri frá miðbæ Selfoss.

Innan 15 til 20 ára hefur íbúafjöldinn í

Árborg tvöfaldast og þörfin fyrir útivistarsvæði margfaldast. Hellismýrin með öllum sínum náttúrugæðum verður eitt af einkennum Árborgar sem margir munu öfunda okkur af. Fólk með heilbrigða framtíðarsýn undrast að nokkrum skuli detta í hug að rústa útivistarsvæðinu með umferðarþungri hraðbraut.

Vegur sunnan Selfoss með brú yfir Ölfusá og mislæg gatnamót, þar sem saman koma Suðurlandsvegur og Suðurstrandarvegur sem tengir saman alla þrjá þettbýliskjarnana í þjóðbraut, er ófrávikjanleg krafa okkar. Við munum beita öllum tiltækum ráðum til að svo megi verða.

Staðsetning þjóðvegur er grundvallaratriði þegar hugsað er um þróunarmöguleika sveitarfélags. Vegur norðan Selfoss þýðir að umferðin fer framhjá Selfossi og Eyrarbakki og Stokkseyri verða afskekktir bæir utan þjóðbrautar.

### Við höfum ekki verið spurð

Bæjarstjórnarflokkarnir hver um sig hafa reynt að sniðganga VG láta sem við værum

óþarfir og áhrifalausir.

Nú kemur í ljós að fólkið í Árborg er ekki sama sinnis. Skoðanakönnun gefur það til kynna að fólk telji að við þurfum og eigum að komast til áhrifa og veita "gömlu" flokkunum aðhald. Það er ánægjulegt að finna að kjósendur láta ekki segja sér fyrir verkum um hvað þeir eigi að kjósa.

### Þorum og meinum

Trúverðuleiki VG og einföld framsetning á áherslum okkar falla kjósendum vel í geð. Við þorum að segja það fullum hálsi að við ætlum ekki að fella niður skatta af hátekju- og eignafólki. Við ætlum að nýta skattana til að treysta velferðarkerfið fyrir þá sem á því þurfa að halda hvort sem þeir eru ungir eða gamlir.

Tónninn hefur breyst, við verðum spurð – þökk sé ykkur kjósendur góðir!

Jón Hjartarson  
1. maður á lista  
Vinstri grænna í Árborg.



## Kosningamiðstöð Vinstri grænna í Árborg

Tryggvagötu 8 er opin kl 13 - 20 virka daga.  
Opíð hús og kosningakaffi allan daginn á kjördag.  
Dúndrandi kosningavaka fram á rauðanótt!



# „Við erum venjulegt fólk“

Spjall við efsta mann á lista Vinstri grænna í Árborg

- Hver er Jón Hjartarson?

„Ég er fæddur lýðveldisárið 1944 á Undralandi í Kollafirði í Fellshreppi vestur á Ströndum. Ég ólst þar upp hjá foreldrum mínum til 14 ára aldurs, en þá flutti fjölskyldan til Akureyrar. Þar gekk ég í gagnfræðaskóla og síðan Menntaskóla Akureyrar og útskrifaðist þaðan stúdent árið 1965. Ég vann á Raufarhöfn í síld á sumrin, en hélt suður til frekara náms að stúdentsprófi loknu og lauk BA prófi í líffræði, sögu og efnafræði árið 1971.

Á Háskólaárunum kenndi ég stundakennslu með námi m.a. í MH, Hlíðaskóla og Hússtjórnarkennaraskóla Íslands. Að námi loknu fluttumst við að Kirkjubæjarklaustri og ég var þar skólustjóri næstu 19 árin. Árið 1990 fluttumst við hingað á Selfoss og tók ég þá við embætti fræðslustjóra Suðurlands. Ég gegndi því starfi þar til það var lagt niður þegar grunnskólinn var fluttur frá ríkinu til sveitarfélaganna 1996. Þá tók ég við skólaskrifstofu Suðurlands, sem stofnuð var í kjölfarið og var þar forstöðumaður til ársins 1999 að ég tók við forstöðu fyrir Fræðsluneti Suðurlands og gegndi því starfi til ársins 2005 að ég sagði því starfi lausu, en vinn þar enn sem starfsmaður.“

- Af hverju hættir þú sem framkvæmdastjóri, vilja ekki allir halda sem lengst í þá vegtyllu?

„Ja, það var nú bara þannig að þá var starfsaldur minn og lífaldur orðinn 95 ár og ég átti því rétt á smá lífeyrisgreiðslu. Ég var löngu búinn að ákveða að nota mér það og gefa öðrum kost á að glíma við starfið og stofnuninni að fá nýjan framkvæmdastjóra. Ég vildi ekki rykfalla í þessu mjög svo krefjandi starfi. Þar er verið að byggja upp. Það var held ég gott að fá nýtt blóð í það starf.“

- Hvernig fannst þér að flytja hingað á flatlendið í Flóanum?

„Við höfðum ekki miklar væntingar þegar við komum hingað en það reyndist mjög gott. Við kunnum mjög vel við okkur hér á Selfossi. Bærinn hefur verið að þróast á marga vegu, flest hefur það verið af hinu góða. Hér er uppbygging og fjölsfjölgun og miklir möguleikar þegar maður horfir til lengri tíma ef vel er að málum staðið.“

- En þú hefur ekki verið maður einsamall öll þessi ár?

„Nei, nei. Konan mín heitir Áslaug Ólafsdóttir. Við kynntumst fyrir sunnan 1966 og eigum 4 börn. Áslaug er bókasafnskennari við

Borgaskóla í Reykjavík.“

- Þá liggur beinast við að forvitnast um af hverju þú gefur þig nú í pólitík?

„Það er nú þannig að ég hef alltaf verið mjög pólitískur. Alinn upp á pólitísku heimili fyrir vestan. Foreldrar mínir voru róttæk. Mér er í barnsminni þegar Einar heitinn Olgeirsson kom í sveitina á vorin til að uppfræða röttæka Strandamenn um sósíalisma, kapitalisma og verkalýðsbaráttu. Þá sat maður með opinn munn og hlustaði hugfanginn á Einar flytja innblásnar ræður í stofunni heima. Ég hef því alltaf fylgst mjög vel með stjórnmálum frá því ég fór að hafa eitthvert vit. Á háskólaárunum tók ég þátt í stúdentapólitíkinni, var formaður Verðandi, félags róttækra stúdenta um tíma. Eftir að ég gerðist embættismaður fannst mér



það ekki við hæfi að ég væri að vasast í pólitík samhlið þeim störfum. Ég hætti því öllum afskiptum af stjórnmálum þar til að ég lét af störfum sem framkvæmdastjóri Fræðslunetsins. En þá kviknaði aftur löngunin til að blanda sér í stjórnmálin.“

- Og nú ertu allt í einu orðinn fyrsti maður á lista Vinstri grænna í Árborg, hvernig bar það að?

„Tíldrög þess eru nú tiltölulega einföld. Þegar ég gat og vildi fara að skipta mér af stjórnmálum var Vinstrihreyfingin grænnt framboð sjálfgefinn kostur fyrir mig. Ég var ekkert að tvínóna við það, spurði bara samflokksmenn mína hvort þeir vildu mig í

fyrsta sæti og þau vildu það og hér stend ég og get ekki annað.“

- Og síðan tekur við kosningabaráttan og allt sem henni fylgir?

„Já, þetta er búin að vera mjög lærdómsríkt og margt nýtt sem maður er að kynna. Þetta er skóli sem maður fer í gegnum og hann er býsna harður. En þetta er skemmtilegt og ögrandi. Það verður spennandi að sjá hvernig leikar fara þegar talið verður upp úr kjörkössunum. Nýjustu skoðanakannanir hafa verið uppörvandi fyrir okkur, það „gefur svolítið sinnep undir stertinn“ eins og karlinn sagði.“

- En hvað hafa Vinstri græn fram að færa í bæjarmálapólitíkinni sem hinir flokkarnir hafa ekki?



háskólasetri. Þar verður bæjarstjórn að taka forystuna og vera leiðandi.

Við þurfum líka að gera stórfellt átak í símenntun, það er mannréttindamál að allir þeir sem af einhverjum ástæðum hafa ekki aflað sér menntunar eftir grunnskóla, eða sérmenntunar, eigi þess kost standi hugur þeirra til þess. Nútíminn er þannig að menntun er lykillinn að bættum kjörum láglaunafólks og hana á að veita ókeypis. Veruleikinn er þannig að minnst menntaða fólkinu bjóðast aðeins láglaunastörf. Ekki nóg með það, þessu fylgir líka sú hætta að þessir hópar verði ekki þátttakendur þar sem ákvarðanir eru teknar og ráðum ráðið.

Þessu viljum við breyta og þar á sveitarstjórnin að vera í fararbroddi. Ókeypis, góð símenntun er lykill þessa fólks til góðrar framtíðar. Þess vegna leggjum við vinstri græn til að bæjarsjóður leggi fram 20 milljónir króna á næstu fjórum árum til markvissrar símenntunar í Árborg. Þessir fjármunir koma ekki aðeins fólkinu til góða, bæjarfélagið mun einnig uppskera beint og óbeint í betur menntuðu og hæfu starfsfólki. Þetta eru mannréttindi.

Skólamálin skipta auðvitað afar miklu máli. Við viljum fá farsæla lausn á skólamállum á Ströndinni og tengja skólann við nýtt byggingarsvæði milli Stokkseyrar og Eyrarbakka.

- Staðsetning nýrrar brúar yfir Ölfusá tengist þessarri áherslu ykkar á samtengingu byggðarinnar innan Árborgar.

„Já, þar er annað stórt mál sem er það óskaplega umhverfisslys sem yrði ef ný brú á Ölfusá yrði byggð á áætluðum stað. Af því mundi leiða eyðileggingu bæði á útivistarsvæði okkar í Hellismýri og á núverandi golfvelli. Þar að auki myndi brú og vegur norðan byggðar skera strandbyggðirnar enn frekar frá meginbyggðinni, Eyrarbakki og Stokkseyri yrðu úr alfararleið og afskekkt. Það er ekki gott þegar verið er að hugsa um uppbyggingu byggðar þar, hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu eða annað. Við viljum fá veginn sunnan Selfoss með góðri vegtengingu



við þéttbýlissvæðin þrjú sem mynda kjarna Árborgar.”

- En velferðarmálin, hvað hafa Vinstri græn þar fram að fara?

Velferðarmálin, já. Kannske greinum við okkur sérstaklega frá Íhaldinu þar. Við segjum velferð er fyrir alla, sem á þjónustu og umönnun þurfa að halda. Að þeim málum verður að standa vel. Við viljum að þeir sem að illa standa, hvort heldur þeir eru ungir eða gamlir, eigi kost á velferðarþjónustu sem aðstoðar þá við að rétta úr kútnum eða hjálpa þeim fram á veginn með einhverjum hætti. Þess vegna erum við ekki tilbúin til þess að setja einhverjar flatar skattalækkunar ákveðna hópa eins og Sjálfstæðismenn nú falbjóða með miklum fyrirgangi. Það er engin ástæða til þess. Það er fullt af fólki í öllum aldurshópum, sem hafa ágæta burði til að borga skatta og skattar eru jú undirstaða þess að við getum verið með sanngjarna velferðarþjónustu öllum til handa sem á þurfa að halda.

- Hvað finnst þér um framtíðarhorfur Árborgar?

„Þær ráðast nú fyrst og fremst af því hverjir verða við stjórn. Ef vel tekst til með stjórn sveitarfélagsins, þá eru framtíðarhorfurnar mjög glæsilegar. Það þarf auðvitað að hyggja að þessum málum sem ég hef rakið hér að ofan og láta þau vera leiðarljós. Það er að segja umhverfismál, menntamál og atvinnumál. Þau verða að vera í samræmi við ímynd svæðisins sem umhverfisvæns svæðis.

Við höfum stóriðjustefnunni, við viljum stuðla að atvinnuuppbyggingu eins og t.d. ferðarþjónustu, úrvinnslu t.d. landbúnaðar-afurða af ýmsu tagi, hátækni og þekkingu. Það er eins og góður maður sagði einhvertímann „ef við menntum 500 líffræðinga þá getum við búið til líftæknifyrirtæki þar sem 500 manns vinna.“ Menntunin er lykilatriði í okkar samfélagi ef við viljum ná þeirri atvinnulegu stöðu og þeirri ímynd sem við viljum byggja á í framtíðinni. Það er eina vörnin gegn stóriðjuáformum hinna flokkanna, þar stendur hver með öðrum. Við þurfum að gera Árborg aðlaðandi fyrir þekkingar- og hátæknifyrirtæki. Það gerum við með vel menntuðu fólki og góðri aðstöðu að öðru leyti. Þarna liggja framtíðarmöguleikar Árborgar.”

- Eitthvað sem þú vildir segja að lokum við kjósendur?

„Já, við Vinstri græn í Árborg erum bara venjulegt fólk, sem viljum vinna fyrir og með venjulegu fólki og með hagsmuni venjulegs fólks að leiðarljósi. Við höfum hingað til ekki átt þess kost að koma að stjórnun sveitarfélagsins og ég held að það sé kominn tími til þess að við fáum tækifæri til þess. Við nálgumst það verkefni undir kjörorðinu: Samfélag fyrir okkur öll, á ábyrgð okkar allra!”



Skóli fyrir alla óháð efnahag er lykilatriði í menntastefnu Vinstri grænna. Á myndinni eru börn í 1. bekk í Sunnulækjarskóla í fyrra.

## Jafnrétti til daglegs lífs



Öll börn eiga að búa við bestu mögulegu uppvaxtarumhverfi. Nú eru tólf ár liðin síðan leikskólástigið var samþykkt sem fyrsta skólástigið. Árið 1999 var sett sérstök aðalnámskrá um leikskólástigið, eðlilegt framhald er því að gera leikskólann gjaldfrjálsann. Öll börn eiga að njóta sama aðgengis að menntakerfinu.

### GJALDFRJÁLS LEIKSKÓLI

Því er eðlilegt að leikskólar séu reknir af opinberum aðilum og gjaldtökur í leik- og grunnskólum lúti sömu lögmálum. Skólagjöld leikskólanna í dag eru allt of há og fyrir marg-ár fjölskyldur er hún munaður! Leikskólinn er í dag dýrasta skólástigið og í ljósi þess hversu mikilvægt þetta starf er í undirbúningi barnanna fyrir grunnskólanámið er það skammarlegt! Það gagnast öllum að fella niður leikskólagjaldið, það mun vinda upp á sig og hvetja ungt fólk til að flytja á Árborgarsvæðið.

Vinstri græn kom fyrst flokka með þessa kröfu og nú fylgja hinir eftir enda ekkert nema gott við það að aðhyllast góðar hugmyndir!

### GJALDFRJÁLS GRUNNSKÓLI

Skólinn er hluti af lífi allra barna – ekki bara undirbúningur fyrir lífið. Hann er vinnu-

staður barnanna okkar! Skólakerfi fyrir alla óháð efnahag er lykilatriði í menntastefnu Vinstri grænna. Einkaframkvæmdir áhugi stjórnvalda og áráttu sumra flokka í að draga úr opinberum rekstri hefur valdið því að hluti af því opinbera fé sem ætlað er til skólastarfs leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla fer til að styrkja einkaskóla sem síðan afla viðbótarfjár með skólagjöldum og /eða styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum. Þessi þróun ógnar þeirri jafnréttishugsun sem Vinstri græn í Árborg stendur fyrir, við viljum reka skólakerfi sem býður upp á jafngild tækifæri fyrir öll börn.

Grunnskólinn þarf að vera gjaldfrjálst með öllu. Þetta á við um skólamáltíðir, stílabækur, skrifffæri og frístundaheimili. Menningarleg stéttarskipting er óviðunandi og efnahagsleg staða fólks á ekki að stjórna aðgengi barnanna að grunnskólanámi.

### ALMENNILEGT SKÓLAHÚSNÆÐI

Búseta fólks innan sveitarfélagsins á ekki að skipta höfuð máli um hvernig menntun börnin okkar fá. Við fullorðna fólk þess á okkar vinnustað að rétt sé staðið að öllum aðbúnaði og vísun hikaust í stéttarfélagssákvæði ef okkur er misboðið. Við þurfum að standa vörð um hagsmuni barnanna okkar!

Nú er komið að byggingu skóla fyrir nemendur Eyrarbakka og Stokkseyrar, við höfum ekki efni á því að láta það bíða lengur. Við getum ekki boðið börnunum okkar upp á það lengur.

Vinstri græn í Árborg hafa tekið afstöðu í þessu máli og hafna þeim hugmyndum um að hent verði upp einhverjum nýbyggingum

við gamlar óhentugar skólabyggingar eins og Sjálfstæðisflokkurinn stóð fyrir hér á Selfossi um árið, heldur viljum við varanlega góða lausn á húsnæðismálum BES. Þess vegna tökum við afstöðu með íbúum svæðisins og viljum byggja sameiginlegan, faglega góðan, skóla á milli þorpanna.

### AÐGENGI FATLAÐRA

Við teljum það vera skyldu og ábyrgð sveitarfélagsins að búa fótluðum jafngóðar aðstæður og öðrum. Einstaklingar með fötlun eiga rétt á jafnrétti til daglegs lífs, náms og starfs í heimabyggð sinni og eiga að njóta sambærilegra lífskjara og aðrir þegnar samfélagsins. Aðgengi er því mikilvægt.

Það þarf að tryggja aðgengi fatlaðra að samfélaginu. Þetta varðar ferðamöguleika eins og góða göngustíga og aðkomu að þjónustustofnunum sveitarfélagsins sem að sjálfsögðu nýtist öðrum þegnum þess. Og einnig réttinn til þátttöku, að hlustað sé á mann, að fá að taka þátt í félagsstarfi og öðru sem er að gerast í sveitarfélaginu.

### BÆTUM SUNDLAUGINA

Mál sundlaugar Selfoss hefur verið í brennidepli undanfarið. Ljóst er að aðstaða í búningaklefum sundlaugarinnar er afar slæm og brýnt er að leysa þetta mál.

Við Vinstri græn í Árborg viljum byggja upp viðunandi búningaástöðu og teljum þetta vera brýnt verkefni. Aðgengi fyrir fatlaða í sundlaug Selfoss er til háborinnar skammar, þrátt fyrir að það hafi oft verið bent á þetta ástand og beðið um úrlausnir. Sundlaug Selfoss á að vera aðgengileg fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

### HAGUR ALDRAÐRA Í ÁRBORG

Flestir aldraðir þurfa á einhverjum tímamótum á aðstoð og umönnun að halda. Við teljum brýnt að stórbæta þjónustu við aldraða m.a. með samþættri heimaþjónustu og heima-hjúkrun sem verði á einni hendi. Einnig er mikilvægt að eldra fólk eigi val um að búa heima lengur.

Aldraðir eru ekki einsleitir hópur. Aðgerðir eins og aukinn afsláttur aldrads tekjulágs fólks af fasteignagjöldum kemur þar inn. Við viljum að Árborg endurskoði reglur sínar varðandi afslátt á fasteignagjöldum tekjulágra aldraðra. Núverandi tekjuviðmið Árborgar, þegar afsláttur fellur niður, eru lægri en í nágrenna-sveitarfélögum. Við það er ekki unandi.

### VINSTRI GRÆN – HREINAR LÍNUR

Alma Lísu Jóhannsdóttir.  
Höfundur skipar 4. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.



Vinstri græn í Árborg

Útgefandi:  
Vinstrihreyfingin Grænt framboð í Árborg.  
Ritnefnd:  
Andrés Rúnar Ingason, Guðrún Jónsdóttir og Sigurður Ingi Andrésson.  
Árbyrgðarmaður: Guðmundur Sverrisson.  
Umbrot: Andrés Rúnar Ingason.  
Myndir: Jóhann Óli Hilmarrson o.fl.  
Prentun: Prentsmiðja Guðjóns Ó., vistvæn prentsmiðja.

Heimasíða Vinstri grænna í Árborg:  
<http://www.vgsudurland.is>  
Kosningaskrifstofa:  
Tryggvagötu 8, sími 482-4411.



Sigrún Þorsteinsdóttir skrifar:

## Byrgjum brunninn

Áður en menn fundu upp orðið forvarnir, áttum við einfaldlega hinn góða málshátt: „Betra er að byrgja brunninn áður en barnið detur ofan í hann.“ Forvarnir eru eitthvað sem kemur í veg fyrir eitthvað sem oftast er talið vera vont eða óheppilegt. Það geta verið slys, sjúkdómar, vond fíkn eða samfélagsmeini.

Við teljum t.d. sjálfsagt að hafa lítil börn í bílstólum og að útbúa bíla með bílbelti og vonum eðlilega og trúum ekki að á þessar forvarnir reyni nokkurn tíma, en við teljum nauðsynlegt að borga fyrir þær og gerum það með góðu geði.

### Forvarnarfulltrúa í grunnskólana

Að verða vitni að því að einhver manni nákominn verði einhverri eyðileggjandi fíkn að bráð er skelfilegt. Þess vegna vildi maður hafa gert allt sem í valdi manns stóð til þess að svo yrði ekki, en því miður gerist það í öllum gerðum af fjölskyldum að einhver missir fótanna og missir vald á neyslu, hvort sem er tóbak, áfengi, spil eða ólögleg vímuefni.

Jafnvel foreldrar sem ala börn sín upp á þann hátt sem til fyrirmyndar er hafa lent í því að missa börn sín í hlyðþýpi fíknar sem fátt eða ekkert fær stöðvað. Börnin verða nefnilega fyrir áhrifum jafnt góðum sem slæmum ann-



Þátttaka í heilbrigðu æskulýðs- og tómstundastarfi er besta forvörnin.

arsstaðar en á heimilinu. Framan af ævinni eru þessi áhrif mest á leikskóla og í skólunum. Þess vegna er mjög mikilvægt að á þessum stöðum sé ætíð vakt sem fylgist með því hvort eitthvað er að fara úrskedis hjá einstaklingum eða hópum. Börn eru áhrifagjörn á öllum aldri, en þegar þau eldast aukast jafnframt áhrifin frá öðrum aðilum en þeim sem skólinn hefur yfirsýn yfir.

Vinstri græn telja það mjög mikilvægt að í skólunum séu starfandi forvarnarfulltrúar sem hafa sérstaka þekkingu á einelti, vímuefnavanda, spilafíkn og öðrum vanda sem að



Sigrún Þorsteinsdóttir og Hilmar Björgvinsson bjóða sig fram til þjónustu fyrir íbúa Árborgar.

nemendum stöðjar. Þessir starfsmenn eiga að hafa það hlutverk að leggja drög að forvarnarstefnu skólanna og sveitarfélagsins og sjá um að koma þekkingu til foreldranna og starfsmanna skólanna.

Það er mikilvægt að þarna sé samfella upp í framhaldsskólann og að unglíngarnir lendi ekki í tómarúmi eftir að grunnskóla lýkur. Það er mikilvægt að sveitarfélagið bjóði unglíngum fram að tvítugu upp á aðstöðu til þess að stunda vímuefnalaust félagsstarf. Þeir þurfa að hafa aðgang að starfsmanni sem aðstoðar þau á þeirra forsendum, með því skilyrði þó að vímuefnaneysla er ekki ásætlanleg.

### Nýir Íslendingar fá kennslu í íslensku

Forvarnir felast í því að miðla og efla þekkingu og koma í veg fyrir einangrun. Einn þeirra hópa sem þarna eru í hættu eru útlendingar. Stöðugt fleiri þeirra verða meðvitað eða ómeðvitað Íslendingar af erlendu bergi brotnir. Þeir koma til landsins með sína þekkingu, viðhorf og menningu sem auðgar samfélagið. Það er því sjálfsagt endurgjald samfélagsins að miðla þeim af þekkingu sem þeir hafa ekki en hjálpar þeim að aðlagast og tengjast landi og þjóð.

Vinstri græn vilja að sveitarfélagið bjóði upp á kennslu í íslensku, samfélagsfræði og ágrípi af sögu Íslands. Þessi kennsla á að vera þeim að kostnaðarlausu, því hún er liður í forvörnum og ekki síður er hún endurgjald fyrir þá þekkingu sem þeir komu með í samfélagið. Það verður einnig að hafa í huga að alltof oft býðst þessum löndum okkar ekki önnur störf en þau sem eru vanþakklátust og verst launuð.

### Vinstri græn – hreinar línur

Höfundur skipar 3. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.

Hilmar Björgvinsson skrifar:

## Mennt er menning

2003. Því er það ánægjulegt að sjá aðra flokka fylgja í kjölfar okkar.

Grunnskólinn þarf einnig að vera að öllu leyti gjaldfrjáls. Í dag þurfa nemendur að borga fyrir mat, stílabækur, skriffæri o.fl. Því viljum við breyta. Það á að vera sjálfsagður hlutur að börnin fái hollan og góðan mat í skólunum án tillits til efnahag foreldra.

### Nýr skóli á ströndina

Við viljum byggja einn heildstæðan grunnskóla í nýju hverfi á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Okkar fyrsta verk verður að mynda vinnuhóp sem hefur það hlutverk að móta stefnu varðandi þá skólagerð sem íbúar á ströndinni vilja sjá í hinum nýja skóla. Í þessum vinnuhópi verða m.a. fulltrúar íbúa, kennara og bæjaryfirvalda. Í framhaldi af þessari faglegu vinnu yrði nýr skóli hannaður í samræmi við þá skólafélagið sem á að vinna eftir.

Við vitum að það er faglega sterkt að hafa einn heildstæðan grunnskóla. Skólabragurinn verður allt annar og betri heldur en þar sem ákveðnir árgangar eru. Auðveldara er að mynda kennarateymi, allt samstarf kennara verður auðveldara, samfella næst betur í nám nemenda, nemendur þurfa ekki að skipta um skóla, öll aðstaða verður á einum stað.

Fjárhagslega er þetta einnig mjög góður kostur því að allur rekstrarkostnaður verður minni og ekki þarf að kaupa allan búnað í tvo skóla.

Börnin á Eyrarbakka og Stokkseyri eiga skilið að fá nýjan skóla en ekki eitthvert klambur við gamlar byggingar.

### Skólaverkefnasjóður

Vinstri græn í Árborg leggja mikla áherslu



Söguganga á menningarhátíðinni Vor í Árborg í ár.

Fyrir síðustu kosningar hétum við því að koma á menningarviku í sveitarfélaginu. Vor í Árborg er vísir að slíkri menningarviku og er gott framtak. Nú þurfum við bara að lengja þessa hátíð í eina viku, efla hana og þróa. Að ári liðnu verður því menningarvika ef við komumst til áhrifa.

### Gjaldfrjáls leik- og grunnskóli

Vinstri græn vilja að leikskólarnir verði gjaldfrjálsir. Þar sem leikskólinn er fyrsta skólastigið teljum við þetta vera mikið réttlætismál fyrir barnafjölskyldur í sveitarfélaginu. Vinstri græn komu fyrstir flokka hér á landi með þessa áherslu fyrir alþingiskosningarnar

á góða og faglega uppbyggingu skólamála. Hið innra starf skiptir mjög miklu máli og að bæjaryfirvöld sýni starfinu áhuga og virðingu. Í dag er verið að vinna að ýmsum góðum þróunarverkefnum í skólunum sem ber að styrkja og efla.

Til að hvetja leik- og grunnskólakennara til áframhaldandi verkefna – og þróunarvinnu viljum við stofna Skólaverkefnasjóð Árborgar. Í sjóðinn verða settar 3 milljónir á ári frá ársbyrjun 2007.

### Vinstri græn – hreinar línur

Höfundur skipar 2. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.

## Hvar ertu á kjörskrá?

Nýir íbúar í Árborg. Hafid þið athugað hvar þið séuð á kjörskrá? Upplýsingar um kjörskrá, kjörstaði og utankjörfundaratkvæðagreiðslu, fást á kosningaskrifstofu Vinstri grænna í Árborg. Líttu inn á Tryggvagötu 8, eða hringdu í síma 482-4411.